



# GÁTLISTI

## FYRIR AÐGENGILEGRI VIÐBURÐI

Hugið að eftirfarandi atriðum svo skátaviðburðurinn ykkar verði eins aðgengilegur og völ er á!

### KYNNING OG SKRÁNING

● Að aðgengi á viðburðinum hafi verið kynnt sérstaklega sem hluti af auglýsingum fyrir viðburðinn, svo þátttakendum gefist rými til að **meta sjálf** hvort þau geti tekið þátt í viðburðinum

● Að greint sé frá því í kynningarefni um viðburðinn ef einhverjir hlutar hans eða aðstöðunni þar sem hann fer fram eru **ekki aðgengileg** t.d. ef það eru aðeins stigar í einhverju rými en enginn rampur/lyfta, ef það verða dýr í sama rými eða viðburðurinn er haldinn í helli.

● Að þátttakendur séu við skráningu **sérstaklega** beðin um að tjá sérþarfir sínar eða séróskir tengdar viðburðinum og að tekið sé tillit til þess í skipulagi og framkvæmd

● Að sérstakur tengiliður sé tilgreindur í viðburðarlýsingu eða við skráningu sem hægt er að **hafa samband** við til að ræða sérþarfir og ráðstafanir sem þarf að gera í tengslum við sérþarfir einstaklinga.



### FJÁRMÁL



Að halda kostnað við viðburðinum innan **skynsamlegra** marka

Að tækifæri til að **borga lægra** eða ekkert gjald fyrir viðburðinn hafi verið kynnt sérstaklega


Að þátttaka persónulegs aðstoðarfólks eða stuðningsfólks á viðburðinum sé ókeypis, eða **niðurgreidd verulega**, einkum ef þátttaka slíks aðila sé forsenda þess að þátttakandi geti yfirhöfuð tekið þátt



Að þátttakendur hafi möguleika á að fá **lánað eða gefins** þann búnað sem þarf til að taka þátt á viðburðinum

# AÐ LÍÐA VEL OG VERA VELKOMIN

- Að viðburðurinn sé markvisst hannaður til að **öll geti tekið þátt** og fái samþykki fyrir að vera nákvæmlega þau sjálf á viðburðinum
- Að stuðningur og tækifæri séu til staðar fyrir þátttakendur til að eignast **vini** og vera hluti af hópnum á viðburðinum
- Að leiðbeiningar séu til staðar um hvernig viðburðurinn virkar og hvað þátttaka á honum felur í sér. Leiðbeiningar skulu vera **auðskildar**, svo að jafnvel þau sem eru að koma á sinn fyrsta skátaviðburð skilji hvað er að fara fram
- Að skipuleggjendur, leiðbeinendur og þátttakendur séu upplýst fyrir viðburðinn og á meðan á viðburðinum stendur að hversskyns einelti, áreiti eða mismunun sé **ekki liðin** á viðburðinum, eða í skátahreyfingunni almennt
- Að viðburðurinn sé með tilgreindan aðila (t.d. stjórnandi viðburðar, tengiliður hjá BÍS eða önnur fullorðin manneskja) sem hægt er að **biðja um aðstoð** og sem tekur að sér að bregðast við hversskyns málum er varða einelti, áreiti eða mismunun á viðburðinum



## HVÍLD OG NÆTURGISTING



Að **kyrrð** ríki á nóttunni á meðan viðburðinum stendur

Að öll fái **tækifæri** til að sofa nóg (einnig þau sem taka næturvakt til að fylgjast með börnum t.d.)

Að möguleiki sé að fara afsíðis í **hljóðlátt og myrkvað rými** til að hvíla sig, t.d. vegna mígrenis eða skynjunarofhleðslu (e. sensory overload)

Að aðgengi sé að rafmagni til **hleðslu** á CPAP tæki eða álíka

Að möguleiki sé að sofa í sérrými sé þess **óskað** og óskin kyrfilega rökstudd





## TRÚ OG HEIMSMYND

- Að annar **valmöguleiki** í dagskrá sé í boði snúist einhver dagskrá um trú eða trúarlega athöfn
- Að mögulegt sé fyrir þátttakendur að fara **afsíðis** og iðka trú sína eða trúarsíði á meðan viðburði stendur



# HREYFING

- Að það sé mögulegt að **ferðast á viðburðinn** með almenningssamgöngum, í bílasamfloti eða annarskonar sameiginlegum ferðamáta með öðrum
- Að það sé hægt að ferðast um á viðburðinum í hjólastól, rafmagnsstól, með staf eða göngugrind, eða þá að þátttakendur **eigi kost á** að fá aðstoð við að ferðast um á viðburðinum
- Að handrið séu við stiga sem má halda í til **stuðnings**
- Að hurðakarmar, þröskuldar, horn á veggjum séu þannig lituð eða **sérstaklega merkt** að hægt sé að vara sig á þeim í myrkri eða dimmri lýsingu
- Að **aðgengi** sé að rafmagni til hleðslu á rafmagnshjólastól eða álíka
- Að aðrir dagskrármöguleikar séu í boði þegar dagskrá gengur út á hreyfingu eða krefst mikillar hreyfigetu af þátttakendum. Þetta á **einungis** við ef ekki er hægt að aðlaga dagskrána að ólíkri getu einstaklinga



# MATARMÁL



Að tekið sé **tillit til** sérstaks mataræðis eða sérþarfa varðandi mat meðal þátttakenda

Að þátttakendur sem hafa **næmt eða veikt** bragðskyn fái að krydda matinn sinn sjálf eftir þörfum

Að hugað sé að hversskyns ofnæmum, óþolum eða öðrum sérþörfum varðandi mat þegar matur er **undirbúinn, eldaður og framreiddur**. Þetta á einnig við einstaka dagskrárliði þar sem matur kemur við sögu, ekki einungis í matmálstímum



# LYF OG FYRSTA HJÁLP

- Að á viðburðinum sé **sjúkrabúnaður** til staðar og að einstaklingur sé til staðar á viðburðinum sem kann á hann og getur veit fyrstu hjálp
- Að þátttakendur fái rými til að **taka lyfin** sín í góðum tíma og rými á viðburðinum, án þess að ýtt sé á eftir þeim eða þau þurfi að drífa sig sérstaklega
- Að þátttakendur sem þess þurfa geti geymt lyfin sín í **kæli**



# SJÓN

- Að kynningar, veggspjöld eða upplýsingaspjöld séu með skýrum texta og í **andstæðum litum**. Eftir aðstæðum skal einnig lesa upp texta t.d. af glærum og lýsa upphátt myndum sem eru til staðar
- Að aðstaða innanhúss og tengileiðir séu **vel upplýst** og að möguleiki sé að setja upp auka lýsingu ef þörf er á
- Að á viðburðinum séu ekki ljós eða kastarar sem blikka, flökta, eða eru ægibjört. Ef einhver hluti viðburðarins krefst slíkra ljósa skal **láta vita af því fyrir fram** og vara þátttakendur við
- Að mögulegt sé að taka **leiðsöguhund** með á viðburðinn
- Að aðrir dagskrármöguleikar séu í boði þegar dagskrá gengur **eingöngu** út á sjón þátttakenda eða krefst góðrar sjónar



# HEYRN



- Að hávaða og látum sé haldið í **lágmarki** á viðburðinum. Ef hávaði á að standa yfir í styttri tíma skulu þátttakendur varaðir við og boðið upp á eyrnatappa fyrir þau sem vilja
- Að skriflegar útskýringar, kynningar eða leiðbeiningar séu einnig í boði fyrir **alla dagskrá**, ekki eingöngu munnlegar
- Að aðrir dagskrármöguleikar séu í boði þegar dagskrá gengur **eingöngu** út á heyrn þátttakenda eða krefst góðrar heyrnar




# LYKTARSKYN

- Að þátttakendur séu hvött til að **nota ekki** sterklyktandi ilmvötn, rakspíra eða önnur ilmefni á meðan viðburðinum stendur
- Að hversskyns þvottaefni og hreinsiefni sem keypt eru og notuð eru á viðburðinum séu ekki með **yfirþyrmandi** lykt. Lyktarlaugar vörur eru æskilegastar
- Að matur með sterkri lykt sé meðhöndlaður í **vel loftuðum** rýmum
- Að aðrir dagskrármöguleikar séu í boði þegar dagskrá gengur **eingöngu** út á lyktarskyn þátttakenda eða krefst góðs lyktarskyns



# TUNGUMÁL

- Að tungumál og orðfæri notuð á viðburðinum séu **auðskiljanleg**, einnig fyrir þau sem eru ekki kunnug *skátaslangrinu*
- Að hægt sé að taka þátt í viðburðinum á **mörgum tungumálum**. Til að mynda ef dagskráin er á íslensku, að hægt sé að taka þátt á ensku ef íslenskukunnátta er ekki til staðar
- Að þátttakendur fái **tækifæri** til að kynna sér dagskrá viðburðarins og hæfi þeirra til þátttöku fyrir fram
- Að leiðbeiningar, skilti, plaggöt og aðrar merkingar séu **myndskreyttar** þannig að það sé aðgengilegra þeim sem kunna ekki að lesa eða skilja ekki íslensku
- Að möguleiki sé fyrir þátttakendur að hafa **túlk** meðferðis á viðburðinn
- Að tungumál og orðfæri notuð á viðburðinum séu **kynhlutlaus**.




# HREINLÆTI

- Að það sé **ókyngreind** salernisaðstaða til staðar á viðburðinum
- Að það sé salerni og sturta sem eru **aðgengileg** fólki með hreyfihömlun til staðar á viðburðinum
- Að hægt sé að skipta um föt, fara í sturtu og nota salernið í **einrúmi** sé þess óskað
- Að dýr, plöntur og aðrir hlutir, lifandi eða dauðir, sem eru algengir **ofnæmisvaldar** séu ekki flutt eða geymd innandyrá á viðburðinum



# BARNAFÓLK

- Að mögulegt sé að **hita upp** barnamat, vatn eða mjólk á viðburðinum
- Að aðgengi sé að hreinlætisaðstöðu með **hreinu vatni** og þvottaefni svo hægt sé að vaska upp mataráhöld fyrir lítil börn, eða þvo föt, klúta, o.s.fr.
- Að **skiptiaðstaða** sé til staðar á viðburðinum ásamt barnastólum fyrir lítil börn.



# STAFRÆNT AÐGENGI

- Texti er **auðlesinn** og efnisgreinar stuttar. Tengilstexti lýsir áfangastað tengils sé smellt á hann
- Að vefsíðan eða appið þar sem viðburðurinn er auglýstur, skráning fer fram og annað tengt viðburðinum sé **aðgengileg** í öllum helstu tækjum og vöfrum
- Að viðburðarlýsing, kynningarefni og annað stafrænt efni tengt viðburðinum sé á **fleiri en einu** tungumáli t.d. íslensku og ensku
- Að **hæfilegur tími sé gefinn** fyrir þátttakendur til að lesa efni og nýta það, sé efni kynnt á viðburðinum eða ætlast til þess að þátttakendur nýti sér ákveðið efni á borð við verkefnapakka, stefnu eða áætlun sem hluti af dagskrá
- Að myndbönd og hljóðbútar séu **textuð** sé þess nokkur kostur, ellegar gefin stutt skrifleg lýsing á efni myndbandsins eða hljóðbútsins fyrir þátttakendur
- Að efni sem samanstendur ekki af texta, t.d. mynd eða töflugraf, sé **dregið saman** stuttlega í textabút sem lýsir innihaldi efnisins og sá texti lesinn upp



## DAGSKRÁ

Að lýsing á viðburðinum og dagskrá hans hefur verið gerð aðgengileg, og að í lýsingunni sé gert grein fyrir handa hverjum viðburðurinn sé ætlaður og **hvaða getu hann krefst** af þátttakendum

Að hversskyns **efni** sem þátttakendur skuli kynna sér fyrir viðburðinn sé komið til þeirra hæfilega löngu fyrir viðburðinn

Að á viðburðinum ríki **andrúmsloft** sem gerir þátttakendum auðvelt að spyrja spurninga og biðja um meiri upplýsingar eða leiðbeiningar ef þau þurfa

Að lagt sé upp með að leiðbeinendur (og fyrirlesarar eftir aðstæðum) séu af ólíkum kynjum og **með ólíkan bakgrunn**, t.d. með tilliti til aldurs og uppruna, sé þess nokkur kostur

Vonandi kemur gátlistinn að góðum notum við skipulagningu ykkar viðburðar!

